

MANNRÉTTINDASTEFNA

Ísfélag hf. virðir mannréttindi, líður ekki barnþrælkun né nauðungarvinnu og fer að lögum og reglum er þetta varðar í allri starfsemi sinni. Félagið tryggir öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í samfélaginu. Áhættumat starfa er framkvæmt reglulega til að tryggja heilsu, öryggi og forvarnir á vinnustaðnum.

Metnaður félagsins er fyrir því að vinnustaðurinn sé öruggur í öllum skilningi. Ísfélagið leitast jafnframt við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi.

Mannréttindastefna þessi nær til allrar starfsemi félagsins og er félagið með í gildi, því til stuðnings, meðal annars samfélagsábyrgðarstefnu, starfsmannastefnu, jafnréttisstefnu, auk siðareglna.

Þannig samþykkt af stjórn Ísfélags hf.